


Samantekt frá fundi Félags forstöðumanna ríkisstofnana 1. febrúar 2017

Á fundi FFR var haldinn sérstakur umræðufundur með félagsmönnum til að ræða nokkur lykilatriði varðandi starfsumhverfi forstöðumanna. Alls tóku 31 félagsmaður þátt í þeirri umræðu. Hér á eftir er samantekt á því helsta sem fram kom á fundinum. Eitt borð var aðeins skipað skólameisturum og því eru niðurstöður þeirra dregnar sérstaklega fram.

1. Forsendur til grundvallar launasetningu í nýju vinnuumhverfi forstöðumanna

Ýmsar forsendur eru dregnar fram í umræðunni og rýma margar þeirra við það sem Norðmenn nota í sinni launasetningu sbr. erindi Asbjörn Valheim á fundi FFR 1. febrúar 2017. Hér fyrir neðan eru tvær yfirlitsmyndir sem annars vegar sína þær forsendur sem umræðuborð skólameistara dró fram og hins vegar samantekt á því sem hin umræðuborðin drógu fram í sinni umræðu.



2. Hver ætti að annast launasetningu forstöðumanna?

Þátttakendur voru sammála um að launasetningin þarf að vera tvískipt. Í fyrsta lagi miðlæg eining sem annast almenna launasetningu sem myndar grunnlaunin (hjá Norðmönnum er þetta 70% launa) og síðan fagráðuneytið sem leggur mat á þann þátt launa sem er einstaklingsbundinn - viðbótarlaun. Það mat yrði byggt á árlegu frammistöðumati sem framkvæmt yrði af fagráðuneytinu.

Skiptar skoðanir voru milli manna um hvar þessi miðlæga eining ætti að vera staðsett og hverjir ættu að skipa hana en mikilvægt er að forstöðumenn beri nægilegt traust til þeirrar einingar og starfshátta hennar. Það á einnig við um fagráðuneytin þar sem þátttakendur hafa áhyggjur af því hvernig það mat sem lagt yrði til grundvallar yrði framkvæmt innan ráðuneytanna og þá sérstaklega hver mundi framkvæma það. Óhætt er að segja að í sumum tilfellum skortir nægilegt traust til fagráðuneytanna sem framkvæmdaraðila og tóku sumir svo sterkt til orða að þeir teldu aðkomu þeirra ekki vænlega.

Til viðbótar við ofangreind hlutverk var einnig rætt um mikilvægi þess að geta áfrýjað ákvörðun um launasetningu til óháðs aðila þar sem FFR hefði einhverja aðkomu. Sumir nefndu þörfina á að mynda stéttarfélag forstöðumanna. Enn fremur drógu allir hópar fram mikilvægi þess að kerfið væri gagnsætt og byggði á reynslu nágrannalanda okkar.

Varðandi miðlægu eininguna þá er talið æskilegt að hún mundi einnig annast mannauðsmál forstöðumanna eins og nefnt er í tillögum starfshóps um nýtt vinnuumhverfi forstöðumanna frá því í apríl 2012. Hennar hlutverk yrði einnig að fylgja eftir því við ráðuneytið að þau væru að vinna skv. nýju verklagi og að það væri samræmi í framkvæmd á milli aðila.

3. Hvernig ætti að vera staðið að endurskoðun á launasetningu forstöðumanna?

Flestir voru á því að vera með árlega endurskoðun. Skilgreina þarf hvaða forsendur verðar hafðar að leiðarljósi við miðlæga endurskoðun sbr. markaðslaun, launaþróun ákveðna hópa o.s.frv. Árlegt frammistöðumat framkvæmt af fagráðuneyti verður síðan lagt til grundvallar ákvörðunar um viðbótarlaun. Í framhaldi af frammistöðumati þarf að vera virkt starfsþróunarferli fyrir forstöðumenn þannig að þeir geti eftir sig í starfi eins og við á.

4. Er eitthvað annað sem þið viljið koma á framfæri?

Nokkur atriði voru nefnd sem mikilvægt er að huga að:

- Forstöðumenn hafa ekki samningsrétt.
- Tryggja þarf ákveðinn lágmarksframgang launa – setja ákveðið viðmið strax í upphafi.
- Gegnsæi, samræmd framkvæmd og sanngirni eru lykilatriði.
- „Skapa þarf hugarfar þar sem lagður verði metnaður í hæfa stjórnendur sem metnir er til launa með sanngjörnum hætti, þannig að opinber stjórnsýsla verði með hæstu gæðum. Það verði eftirsóknarvert að vera stjórnandi hjá hinu opinbera.“
- Huga þarf að skipunartíma forstöðumanna – á að skilgreina ákveðið hámark eins og á Norðurlöndunum?
- Tryggja þarf hreyfanleika forstöðumanna óháð hámarki á skipunartíma.
- Símenntun forstöðumanna þarf að vera til staðar og vera virk frá ráðningu að starfslokum.
- Huga þarf að öðrum réttindum forstöðumanna sem hafa fylgt Kjararáði við þessar breytingar.
- Huga þarf sérstaklega að launasetningu forstöðumanna þar sem um er að ræða stjórnir sem ráða forstöðumenn og taka launaákvörðanir.